

019/00 - Bv. Hólmadrangur ST-70

Hólmadrangur ST-70, tveir skipverjar slasast um borð

Bv. Hólmadrangur ST-70

Skipaskr.nr.: 1634

Smíðaður: í Garðabæ 1983 úr stáli

Stærð: 497,00 brl; 819,00 bt

Lengd: 57,32 m **Breidd:** 10,00 m **Dýpt:** 6,70 m

Vél: MAK 1.322,00 kW **Ágerð:** 1982

Annað:

Földi skipverja: 16

Atvikalýsing

Hinn 21. nóvember 1999 var bv. Hólmadrangur ST-70 að veiðum á Hampiðjutorginu. Veður: suðvestan 4-5 vindstig, þung undiralda með nokkurri kviku í öldunni.

Skipverjar höfðu tekið inn veiðarfærið og þegar losað var úr pokanum komu auk 500 kg. af grálúðu, tveir stórir steinar. Var fiskilúkan lokað svo að ekki væri hætta á að grjótið fær niður í móttökuna. Skipverjar voru að sópa líðunni fram fyrir fiskilúkuna svo að hægt væri að koma grjótinu útþyrðis þegar skipið valt til stjórnborða. Við það valt grjótið einnig og lenti á tveimur skipverjum sem báðir slösuðust. Hlúð var að hinum slösuðu og skipinu siglt áleiðis til lands til móts við þyrlu sem kom til að sækja þann skipverja er var meira slasaður en hann hafði fótbrotnað.

Við rannsókn kom fram

- að til stóð að draga grjótið aftur í skutrennuna og koma því í sjóinn.

Nefndarálit

Nefndin vill áréttu fyrri ályktanir varðandi umgengni um lausa hluti um borð í skipi sem er laust (á siglingu eða á reki). Vill nefndin sérstaklega benda á að skipverjar eiga að forðast að vera í línu þvert yfir skip (hreyfiferli lausra hluta við hliðarveltur skips) þar sem lausir hlutir eru, líkt og virðist hafa gerst í þessu tilviki.